

Ed.

140. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Skipavík.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Skipavík, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu, skal úr rikissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 60 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Kaldrananeshrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóður Kaldrananeshrepps leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að 60 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færán.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinn ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps.

4. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

5. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Kaldrananeshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

6. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

7. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lend-

ingarsjóð Kaldrananeshrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða úr Skipavík, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Skipavíkurlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 11. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

8. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

9. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

10. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

11. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Kaldrananeshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20–10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frá ýmsum stöðum á Selströnd í Strandasýslu, einkum utanverðri ströndinni, eru stundaðar fiskveiðar á vélbátum. Steingrímsfjörðurinn sjálfur er fiskisæll, og auk þess er þaðan gott að sækja til ýmissa hinna beztu fiskimiða á Húnaflóa. Á Selströnd hefur myndast allmikil byggð og nokkru fé verið varið til mannvirkja þar. Nokkuð hefur verið gert að því að rækta þarna land, þótt það sé fremur illa til ræktunar fallið. Þótt útgerð hafi aukizt allverulega á þessum slóðum, hefur það háð atvinnurekstrinum, að engin örugg bátahöfn er við Selströnd, einkum kemur það tilfinnanlega að sök í suðaustan átt. Bátar frá Selströnd verða að hætta fiskveiðum snemma á haustin, þegar veðráttu tekur að versna, og geta ekki hafið sjósókn eins snemma að vorinu og ef örugg bátahöfn væri fyrir hendi. Fiskveiðar eru oft arðvænlegastar á þessum slóðum að vetrinum, þegar fiskur gengur inn í Steingrímsfjörð. Þá er hins vegar illt eða oft ómögulegt að stunda veiðar vegna hafnleysisins. Er því augljóst, að afkoma þeirra, sem stunda fiskveiðar frá Selströnd, er ótryggari, þrátt fyrir góð fiskimið, en vera mundi, ef þar væri örugg höfn.

Fyrir alllöngu síðan hefur vitamálastjóri eftir ósk minni athugað hafnarmál Selstrendinga. Að órannsökuðu máli lék mönnum nokkur hugur á að gera lendingarbót í svonefndu Gautshamarsbæli, og voru veittar til þessa 7 þús. kr. í fjárlögum. Einnig hafði verið talað um að gera lendingarbætur í Hafnarhólmi. Við rannsókn á þessum málum (sjá fskj. I) kom ótvírætt í ljós, að svonefnd Skipavík, er liggur miðja vega milli Gautshamarsbælis og Hafnarhólms, mundi bezt fallin til bátahafnar.

En þegar þessi rannsókn var hafin, voru þeir peningar, er veittir höfðu verið til umbóta í Gautshamarsbæli, látnir ónotaðir, í fullri vissu um það, að fé mundi ekki síður fást til lendingarbóta eftir að nákvæm rannsókn hefði farið fram á því, hvar heppilegast væri að framkvæma þær. Skipavík hefur verið mæld og gerðir uppdrættir að fyrirhuguðum mannvirkjum, er gera þarf til þess að höfnin verði öruggt athvarf fyrir báta. Svo sem álitsskjal vitamálastjóra, sem prentað er hér sem fylgiskjal, ber með sér, er nálega allt efni, sem þarf til þessarar lendingarbótar, islenzkt.

Á s. l. ári fór enn á ný fram rannsókn á hafnarskilyrðum á Selströnd, og fylgir hér með bréf vitamálastjóra og verkfræðings þess, er athugunina framkvæmdi (fskj. II og III).

Það er rétt að geta þess alveg sérstaklega, að þessari bátahöfn í Skipavík er ætlað að verða til hagsbóta fyrir þá, sem þegar hafa tekið sér bólfestu þarna á ströndinni, en aðalaukning útgerðarinnar í framtíðinni ætti að verða frá Bjarnarfirði (Kaldrananesi) og Hólmavík. Í nágrenni Skipavíkur eru ræktunarskilyrði fremur slæm, en í Bjarnarfirði aftur á móti góð. Þar geta þeir, sem fiskveiðar stunda, haft allverulegan stuðning af landbúnaði.

Mál þetta hefur verið óvenjuvel athugað og undirbúið. Vænti ég því, að frv. hljóti greiða og góða afgreiðslu á Alþingi.

Fylgiskjal I.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 23. febrúar 1940.

Skipavík hjá Gautshamri, Selströnd. Varnargarður fyrir bátalegu.

Meðfylgjandi uppdráttur sýnir yfirlitsmynd af aðstöðunni í Skipavík. Víkin er dálítill pollur, varin á þrjá vegu. Að norðan liggur lágt, flatt nes, óbyggt enn sem komið er. Að austan gengur út í fjörðinn grjóttangi, sem nær upp úr sjó, einnig um flóð, og vestur úr grjóttanganum langur grandi, sem liggur í kafi um flóð, en er að mestöllu leyti upp úr sjó um stórstraumsfjöru.

Legan inni á pollinum er því að mestu leyti varin fyrir öllum áttum nema suðvestan. Útsýningurinn stefnir nærri þvert yfir fjörðinn, og þó að aðdragandinn til öldumyndunar sé ekki mjög langur, um 7 km., þá nær vindurinn sér svo vel á þessari átt, að pollurinn er talinn ófær sem bátalega að vetrarlagi.

Það hefur því verið tekið til athugunar að byggja varnargarð út frá norðurlandinu og skapa þannig bátalegu, sem varin er í öllum áttum. Svo óvenjulega vill til, að þarna er stæði fyrir 133 m. langan garð, þar sem dýpi um fjöru er að meðaltali ekki yfir 1 m. Þennan garð má byggja nær eingöngu úr grjóti, og með því þversniði, sem sýnt er á uppdrætti, kostar hann aðeins 21 þúsund krónur, miðað við það stríðsverð, sem nú er.

Í skjóli þessa garðs mundi verða öruggt legusvæði fyrir að minnsta kosti þrjá stóra vélbáta (liggjandi við botnfestar) og nokkra minni báta, auk þess sem allur pollurinn mundi njóta nokkurs góðs af garðinum.

Garðurinn gæti verið fyrsti áfangi af stærri virkjun síðar meir. Eins og sést á uppdrætti, liggur í framlengingu hans boði með tveggja metra dýpi, en milli boðans og garðendans er djúpt sund. Ef garðurinn yrði á sínum tíma framlengdur út á boðann og ef byggt væri ofan á grandann það, sem á vantar, að hann standi upp úr um flóð, þá væri þarna mynduð fullkomin skipakvi með mjóu innsiglingaropi. Uppdrátturinn sýnir, að svo mikið aðdýpi er meðfram grandanum, að aðeins örfáir metrar eru út á hafskipadýpi. Það hefur enn ekki verið gerð nein gagngerð athugun á þessari hlið málsins, en það liggur í augum uppi, að þarna liggja ýmsir möguleikar, og staðurinn er þess verður, að þeir séu rannsakaðir til hlítar.

Fylgiskjal II.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 9. okt. 1941.

Samkvæmt bréfi yðar, herra forsætisráðherra, dags. 2. f. m., hef ég á ný látið athuga hafnarskilyrðin á Selströnd. Hefur sú athugun leitt í ljós, að ekki muni þar fást öllu heppilegri staður en Skipavíkin. Skrifstofan hefur áður gert tillögur um, hvernig hagað skuli mannvirkjagerð þar, og leyfi ég mér að vísa til þess. Auk þess læt ég hér með fylgja álitsgerð Axels Sveinssonar verkfræðings, sem hefur framkvæmt mælingar á þessum stöðum og er þeim manna kunnugastur hér á skrifstofunni. Ég hef enn fremur, samkvæmt bréfi yðar, átt tal um þetta mál við Jens Hólmgeirsson, og eru tillögur þessar gerðar í samráði við hann.

Virðingarfyllst

Emil Jónsson.

Til forsætisráðherra, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

Lendingarbætur á Selströnd.

Þegar velja skal stað fyrir bátahöfn á utanverðri Selströnd, þá tel ég það alveg tvímælalaust, að Skipavík hafi best skilyrði frá náttúrunnar hendi. Pollurinn inni á vikinni er varinn á þrjá vegu. Að norðan liggur landið, að vestan gengur nes fram í fjörðinn og suðaustur úr því liggur grandin, sem er að mestu upp úr sjó um fjöru, og þar sem flóðhæðin er mjög lítil þarna, aðeins rúmir tveir metrar, þá ver þessi grandin vikina fyrir öllu, sem heitið getur brim úr þeirri átt.

En vikin er opin fyrir suðvestan átt, þar leggur inn innfjarðaröldu með 7 km. aðdraganda og gerir vikina ófæra fyrir bátalegu. En svo heppilega vill til, að einmitt þvert á þessa stefnu gengur út grynni með aðeins eins metra dýpi 130 metra fram, og meira að segja í framhaldi af grynninu er boði með 2½ m. dýpi, og þá er aðeins eftir mjótt innsiglingarsund inn á pollinn í vikinni, þegar skjólgarður væri kominn fram á boðann. Ef enn fremur væri hlaðinn eða steiptur garður fram grandann, þá væri kominn þarna fullkomlega lokaður pollur, og bryggja út frá grandanum þyrfti ekki að hafa nema 10 m. landgang til þess að flutningaskip gætu lagzt að í góðu veðri.

Aðrir staðir, sem til álita gætu komið, eru Gautshamarshæli og Hafnarhólmur.

Bryggjuna í Gautshamarshæli má stækka svo, að lítil vöruskip geti lagzt að, og jafnframt auka að nokkru varið fyrir smærri báta, en um virkilega bátahöfn þar getur tæplega orðið að ræða, nema þá með miklum kostnaði.

Að Hafnarhólmi má án efa gera höfn fyrir mikinn bátafjölda, en aðeins fyrir smærri báta, því að svæðið er allt grunnt. Þar er þegar, án þess að nein mannvirki komi til, sæmilega öruggt lægi fyrir fáeina báta.

Á báðum þessum stöðum, Bæli og Hafnarhólmi, hefur talsverðu verið kostað til að skapa aðstöðu til útgerðar, þar standa bæði bryggjur og fiskhús. Vegalengdin frá Hafnarhólmi út í Bæli er aðeins 1200 metrar, og Skipavík liggur þar mitt á milli. Öruggt bátalægi í Skipavík mundi því, auk þess að vinna upp nýtt athafnasvæði þar, óhjákvæmilega verða athvarfshöfn fyrir Bælis- og Hafnarhólmsbáta og þannig leiða til þess, að full not yrðu að mannvirkjunum, sem þar eru fyrir, sem enn þá koma ekki nema að hálfum notum, vegna hinnar sífelldu hættu, sem bátarnir eru í. Góð akbraut þennan stutta spotta mundi tengja þessa þrjá staði í eina atvinnuheild.

Ef ráðgert væri að byrja á skjólgarði í Skipavík á komandi vori, þá veitti ekki af að byrja þegar í stað að huga að undirbúningi við öflun nauðsynlegra vinnutækja.

Reykjavík, 1. okt. 1941.

Axel Sveinsson.